

Félagið Myndkynning sýnir um þessar mundir 99 grafíkmyndir eftir stórmeistarann Salvador Dali. Fyrsta framtak félagsins var grafíkssýning með Erró, Vasarely og fleirum 1976 og aftur stóð Myndkynning fyrir erlendri grafíkssýningu í fyrri og Færeyingurinn Eyvind Mohr sýndi þar málverk. Þetta er lofsvert framtak; það er ekki svo oft að heimslitin guði hér á glugga og einu sinni héldu menn að hlutverk Kjarvalsstaða yrði einmitt að fá hingað sýningar af þessu tagi.

Fyrir utan grafíkmyndirnar, sem allar eru í litum, eru tvær höggmyndir eftir Dali; einnig góbelínteppi unnið í París 1931 eftir frægri Dalimynd og loks er að geta um stóra lausblaðabók, með tíu handlituðum þurrnálsmyndum.

Öll eru þessi verk í eigu Gallerie Börjeson í Malmö, sem hefur Norðurlandaumboð fyrir Dali og fleiri heimskunna myndlistarmenn svo sem Miro og Chagall og Picasso. Hefur forráðamaður staðarins boðizt til að útvega einnig grafíkmyndir eftir þá til sýningar á Íslandi. Gallerie Börjeson lánar sem sagt þessi verk Dalis hingað, en þau eru til sölu og verðmæti allrar sýningarinnar um 18 milljónir — með söluskatti.

Á þessari skálmöld, þegar fölsurum er ekkert heilagt og allt mögulegt þegar grafík er annarsvegjar, er höfuðatriði að þekkja til upprunans. Það er vitað mál, að vestanhafs að minnsta kosti eiga sér stað falsanir á grafíkmyndum eftir Dali og fleiri. Er það hliðstæða við hljómplötu- og tónsnældufalsanirnar, sem nýlega var sagt frá í Lesbók.

Verðið á myndunum eftir Dali er eðlilega nokkuð hátt, þegar miðað er við venjulegt verð á íslenskri grafík. En hvað hefur væntanlegur kaupandi því til staðfestingar, að varan sé ósvikin? Konráð Axelsson, sem stendur fyrir sýningunni fyrir hönd Myndkynningar, kvaðst aðeins geta sagt, að hann taki við myndunum frá Gallerie Börjeson í góðri trú. Sagði hann myndirnar fengnar þangað beint frá Dali eða umboðsmanni hans og væri um persónulegt samband að ræða og hefur Dali meira að segja unnið grafíkmyndir sérstaklega fyrir Gallerie Börjeson. Það er stórfyrirtæki á Norðurlandamælikvarða og höndlar með listaverk á mörgum hæðum.

Lesbók sneri sér til Björns Th. Björnssonar listfræðings, sem hafði þá séð sýninguna og ritar formála í sýningarskrá. Aðspurður um, hvort þessar myndir mundu ekki hafa gengið rétta boðleið frá hendi listamannsins, kvað Björn að svo mundi vera og væri ekki ástæða til að óttast neitt misferli; myndirnar væru eftir Dali að því undanskildu, að sjálfur vinnur hann ekki að hinni grafísku gerð myndanna, nema þeim sem unnar eru með þurrnáli.

Flestar myndanna hefur Dali teiknað og málað með vatnslit, en aðrir yfirfæra þær síðan í littréttungur og þrykkja. Dali tölusetur og áritar allar myndir, sem seldar eru á vegum Gallerie Börjeson. En þegar sú spurning er upp borin, hvað sé „original grafík“ nú á dögum, getur verið erfitt að svara því, hvað listamaðurinn sjálfur á mikinn þátt í verkinu. Í aðalatriðum má flokka grafíkmyndir í þrennt:

Í fyrsta lagi þær myndir, sem listamaðurinn hefur unnið og þrykkt sjálfur. Þær eru oft merktar með EA, sem stendur fyrir Edition Artiste. Í öðru lagi eru þær grafíkmyndir, sem listamaðurinn vinnur í einhverskonar plötu, en aðrir þrykkja. Sjálfur fylgist hann með því, tölusetur síðan og áritar. Flestar grafíkmyndir Dalis falla undir þennan flokk. Í þriðja lagi er svo fjöldaframleiðsla á grafík, þar sem listamaðurinn kemur ekki nálægt þrykkingunni og allt er ótölusett og áritað.

Salvador Dali er trúlega víðkunnastur

allra núlifandi myndlistarmanna; stórkostlegur listamaður og súrrealisti og hefur kunnað á því tókin að auglýsa sig með allskonar uppátækjum og tilburðum. Hann gerist nú aldinn, en mun hafa staðið á hátindi getu sinnar í málverkinu á árunum fyrir 1940, þegar hann flúði vestur um haf. Eftir 1950, þá að nýju fluttur heim til Spánar, sneri hann sér að skáldlegum myndröðum við fræg kvæði. Á tíu ára tímabili vann hann 100 myndir við Gleðileikinn guðdómlega eftir Dante og á sýningunni að Kjarvalsstöðum eru myndir, sem gerðar eru við allar þrjár kvíðurnar.

Auk þessa hefur Dali unnið myndir við Tristan og Ísold, Tvídægju Boccaccios og enn er ein myndröð, sem ber heitið „Sýnir Quevedos“. Á sýningunni eru myndir úr öllum þessum myndröðum. Þær eru að vísu langt í frá að vera hátindurinn í list Dalis, en dæmigerðar aungvu að síður fyrir sérstæðan hugmyndaheim hans og snilldarlegt handbragðið kemur oftast vel í ljós.

Líkt og Múhameð Ali í hnefaleikunum, hefur Dali hrópað framan í heiminn, að hann sé „Sá beztí“ og báðir hafa þeir með verkum sínum sýnt framá, að því er erfitt að mótmæla. Dali þarf þó varla á þesskonar yfirlýsingum að halda. Verk hans tala ennþá máttugra máli. Hann er hugmyndafríkt myndskáld og í tækni getur hann brugðið sér í allra kvikinda líki; málað eins og gömlu meistararnir ef því er að skipta.

Í formála að sýningarskrá fyrir sýninguna að Kjarvalsstöðum segir Björn Th. Björnsson listfræðingur um Dali:

„Salvador Dali hefur í senn verið sakaður um að vera þjófur í paradís, plockandi gimsteinana úr meistaraverkum fortíðar, og eins um að róta í sorptunnum mannlegra sjúkleika og gera sér mat úr. Hvorugu myndi hann neita. Aðferð hans er einmitt sú, að nota jöfnum höndum myndbrot úr ytri raunveruleika — en listarfar okkar er hluti af þeim raunheimi — og bregða upp fyrir mönnum

afskræmilegum ímyndum eigin sálarlífs þeirra, oft með kynferðislegum táknum í anda Freuds. „Fegurð er summan af mannlegu óeðli“, segir hann á einum stað, og reynir enn sem áður að ganga fram af borgaralegri fagurfræði. Og enn hækkar hann róminn: „Hin þrjú stóru tákni lífsins eru Skítur, Rotnun og Blóð.“ En þótt hann taki þannig upp í sig, er katalónski snillingurinn einber augu þegar allt kemur til alls, og hann sannar það undir pensli sínum að fegurðin er í myndinni sem slíkri en engu upphrópuðu manifesti. Dali er teiknari, málari, eðalsmiður, og beztu verk hans meðal þess fegursta í listsmíð þessarar aldar, á hvaða mælikvarða sem er.“

G.S.

